


Gudm. B. Scheving  
agent.

Kh. 1838.





2. 920  
Gust

2  
8)

# FÁEIN MINNINGARORÐ

EPTIR

SÁLUGA AGENT **G. B. SCHEVÍNG**

SAMINN

AF

FORNVIN HANS

*FINNI MAGNÚSSYNI.*

---

Drottinn vor gefi  
Dauðum ró,  
binum líkn er lífa!

SÓLARLJÓÐ.




---

KAUPMANNAHÖFN 1838.

PRENTUÐ Á KOSTNAÐ RITHÖFUNDSINS, .

HJÁ S. L. MÖLLER.





**H**líd næstlíðna ár var, að kalla midt í almennum friði, mjög biltíngasamt. Í vestri heimsins, hvaðan margir vænta Norðurálfunni frelsisins fullsælu í tímans uppfylling, vall þá upp sú kelda, er varð, um sian, að uppsprettu margfaldrar vesældar, bæði þar og hær. Jafnvel Íslands verðslunarstétt hlaut af því meini mikinn halla, enn þaradanki svifti dauðinn hana ymsum hennar máttar-stólpum, og þarameðal, síðast á árinu, þeim merkismanni, hvörs eg hær leyfi mér að minnast. Ber það helst til þess að hann var einn þeirra sem lengst hafa verið vinir minir, og á eg því ekki að vera hinn síðasti meðal þeirra er unna honum sanmælis.

Guðmundur vor, fæddur ár 1776, var sonur Bjarna Einarssonar, Sýslumanns í Barðastrandar Sýslu, og konu hans, Ragnheiðar, dóttur Sýslumanns Davíds Schevíngs. Tólf ára gamall var hann settur til bókmentanáms hjá Gísla presti Einarssyni í Selárdal, hvaðan hann, að fjórum vetrum líðnum, veik til Biskups Geirs Vídalíns, og var þar eitt ár í kænnslu, enn að því loknu virðtist Biskupium hann fullfær vera til háskólaus, og gaf hann þarum hinn besta vitnisburð. Guðmundur dvaldist samt eptir það 3 ár, sem skrifari Stifamtmanns Ólafs Stepháunssonar, í Viðey. Um haustíð 1796 veik hann frá Íslandi til Kaupmannahafnar og varð þar borgari háskólaus. Við fyrsta lærdómspróf hans (*examen artium*) hlaut hann vitnisburð háskólaus kennefedra um bestu framfarir (*characterem laudabilem*) og tók skömmu sciunna híð svokallaða annað Examen. Síðan íðkaði hann lögfræði uns hann um voríð 1800 aptur vitjaði Íslands. Þar dvaldist hann árstíma hjá þáverandi Lögmanni Magnúsi Stephensen, enn 1801 var hann settur afa sínum Sýslumanni Davíð Schevín

til aðstoðar í hans embættisverkum. Sama ár giftist hann Júngfrú Haldóru, dóttur hins nafkenda höfðingsmanns, Stúdents Benedicts Bogasonar á Stadarfelli. Eptir lát móðurföður síns var hann, þann 6ta Júní 1806 settur um sinn, til að veita Barðastrandar Sýslu forstöðu og hældt því starfi til 26ta Júlí 1812, þá hann skilaði því sèr af hendi. Hlutadegandi Amtmaður, Steplán Ólafsson Stephensen, bar honum það þá skriftlega: að hann um greint tímabil hefði gjætt síns Sýslumanus-embættis með sérlegri reglusemi, nákvæmni og stöðugri framkvæmd, eins og hann auuars hefði lagt mikið í söluvar, af sjálfs síns formegun, til að styrkja marga af sýslunnar inubúum til nytsamlegra fyrítækja, og líka leiðbeint þeim öðruvísi í því tilliti.

Árið 1815 keypti Schevíngr Flateyar kaupstað og var eg við þau kaup hans umbodsmaður hér í Höfn (eins og fyrr í Íslandi 1807, þá eg líka, honum til handa, keypti helmíng hans þáverandi ábýlisjarðar, höfuðbólsins Haga á Barðaströnd). Hann stofuadi þá kauphöndlun í Flatey, enn laungu fyrr hafði honum sýust svo að eins og Íslands haf, fyri Vestfjörðum, öldum saman hefur af sèr gefið ósegjanlegann afla, til ábata þeim fiskimönnum útlendra þjóða sem hans hafa kostgjæfilega leitað, þá mundi það og bæði tilhlýðilegt og ráðlegt að Íslendingar sjálfir ekki færi slíkrar blessunar á mis af ofmiklu aðburdaleysi. Þannig keypti hann 1806\*) til að koma slíkum veiðum á gang úr

\*) Í Ármanns 4da Árgangi bls. 88 stendur: 1807, enn mér er það gjörkunnugt að Schevíngr sáluði um sumarib 1806 hafði beiðst kaups á tjeðri slúppu, og að eg, hans vegna, þann 13da October sama árs í Reykjavík borgaði hlutadeganda helmíng verðsins með 1000 Ríkisdöllum kúrant, sem þá voru í fullu gildi. Hið sama ár keypti sál. Kaupmaður og Riddari Ólafur Thorlacius tvö þau fyrstu hafskíp, er iðkuðu fiskiveiðar svo á Vestfjörðum að þau hefðu þar stöðuga Vetrarlegu. Ekki þarf því hér að lýsa hvørsu nytsamleg þau þrjú fyrítæki urðu þeim landshluta á þeim 1807 byrjuðu stríðsárum, er svo mjög hindruðu flutninga til landsins af nauðsynlegustu lífsmedöllum. Þeim, sem þá lifðu þar, mun það enn í minni.



Breiðafirði, frá Íslands Sudurlandi, af bónda og skip-  
 herra Guðmundi Íngimundarsyni, Slúppuskipið Delphín,  
 er með það sókti sjó úr Tálknafirði. Þótt þetta fyr-  
 tæki loksins vanheppnaðist svo, að skipið 1813 algjör-  
 lega tapaðist í ofsastormi, lét eigandiinn það óhapp  
 ekki fæla sig frá líkum tilraunum eptirleidis. Besta  
 hentugleika fékk hann hertil þegar hann var að Flatey  
 kominn, og notaði þá líka eptir fremsta megi. Þáng-  
 að keypti hann, smámsaman, nokkrar fiskijaktir fyrir  
 ærna peninga, valdi til þeirra örugga og löna fiski-  
 menn, gaf þeim ríkuglegt kaup og viðurværi, hélt  
 skipnum til stöðugra fiskiveiða og vann þannig sjálfur  
 styrk til kauphöndlunnar viðurhalds á afskèkktri ey,  
 enn mörgum sjómönnum og hyski þeirra nægilega for-  
 sorgun. Á 1822 lét hann í Flatey byggja 10 lesta  
 skonnertu er nefndist Voninn (*Haabet*), og ætla eg  
 hún muni vera hið fyrsta haffæra skip sem byggt er,  
 í kristni, á Vestfjörðum. Á því sama, af Schevíng  
 grundvallaða skipasmíðaplátsi lét hann síðar byggja aðra  
 Skonnertu, kallaða tveir bræður (*de tvende Brødre*),  
 og reyndust bæði þau skip að vera vel byggð og sér-  
 lega hentug til fiskiveiða í Íslands hafi.

Flateyar höfn var aungvanvegiun svo rúmgóð að  
 svo mörg skip, er nú varð til að ætla, gjæti legið þar  
 óhult um vetrartíma. Schevíng sálugi fann það því til  
 ráds er fæheyrnt mun á Íslandi, að stofna þar, í Grýlu-  
 vogi, örugga vetrarhöfn, og fullgjörði það mikla verk  
 einúngis á egin kostnað. Í miðju Ágústi mánaðar 1833  
 var þeim starfa lokið og vottaði þá opinbert álit Sýslu-  
 manns Guðbrands Jónssonar og annara skyasamra skod-  
 unarmanna að tæður Grýlvogur, 9 fóta djúpur, 210  
 fóta lánur, væri þannig varinn fyrir ofveðrum, sjáfar-  
 og ísa-gáungi, til skipalegu, að sterkur grjótgardur væri  
 settur yfir alla hans breidd, 270 fóta, — 14 fóta þykk-  
 ur enn 10 fóta há, víða byggð af svo stórum steinum  
 að einúngis 5 slfkir útheimtudust til tæðrar hæðar. Rúm

Þessara blaða leyfir mér ekki frekari lýsing þessa á Íslandi fásjenu verks, er margir mundu ætla fornönnunum vors móðurlands, ef þeir ei betur vissu.

Í undanfarinn ár hefir Flatey mátt nefnast skóli Íslenskra sjómanna til hafferða og fiskiveiða á haffærunum skipum. Árið 1835 höfðu þaðan vikið til Snæfells-sýslu þar mentaðir 4 fiskijakta formenn, 7 stýrimenn og 3 hákallafángarar — enn alls voru þar þá 24 skipsmenn eptir. Saltfisksverkunin í tæðri höfn var og svo forbetruð af hennar hær umgreinda eiganda, að sá saltfiskur, er þaðan kom, varð hær í Kaupmannahöfn nafnfrægur og lengi (ef eigi ennþá) metinn og borgaður herra enn saltfiskur úr flestum öðrum Íslands höndunarplátum.

Þessi Kaupmanns Schevings staki dagnaður varð koungi vorum kunnur, og veitti hann því allranáðugast þeim fyrrnefnda 1833 Agents heiður og nafnbót.

Aldregi heimsókti eg Scheving á heimili hans vestra og þekkti því ekki sjálfur nákvæmlega hans dagfar þar. Á úngdómsárum mínum, og líka síðar, kynntist eg við hann, bæði á Íslands Suðurlandi og hær í Kaupmannahöfn. Af egin reyaslu þekkti eg ávallt glaðlyndi hans og jafnlyndi, góðgirni og örlæti. Sérlega lastvar virðist mér hann ætíð í viðræðum um aðra, jafnvel þá, er hann sjálfur ætlaði sér mótdræga vera. Líka hygg eg það að sinnslag hans hafi verið fjærlægt hatri og hefndargirni, enn gjarnt til sátta, ef honum þótti þeirra réttilega leitað, við sína mótstöðumenn. Trúverðugir menn, er nákvæmlega þekktu hans heimilislagi, hafa sagt mér að hann hafi verið húsfólki sínu einn hinn besti og nærgjætnasti húsaðir, og jafnaðarlega borið umhyggju fyri velgeingni fyrrverandi trúrra þjónustumanna. Að hann, á ýmsann hátt, hafi gjört mörgum öðrum gott á Vestfjörðum (meðal annara þeim er leitöu læknishjálpar hjá konu hans, sem mörgum, eptir

plátsins ásigkomulagi, varð nauðsynleg og happadrjúg) meina eg víst vera.

Vor framliðni var maður vel gáfaður og lærdóms framförum hans er áður að nokkru leiti lýst, enn síðar var hann mjög hneigður til lestrar nyttsamlegra og fróðlegra bóka, einkum þeirra er um guðfræði og heimspeki höndla; var hann og sjálfur vel trúrækin og áleit það skyldu sína að leitast við að leiða þá, er honum voru náskildir, eður í hans brauti, til santrar guðhræðslu. — Ekki veit eg til að hann hafi nokkra egiulega ritgjörð samið, er prentuð sè, nema "Nokkrar hugleiðingar um þilskípa-veiðar á Íslandi" í ársritinu "Árman á Alþingi, 4da Árgangi (útgefnu af Þorgeiri Guðmundssyni og Baldvíni Einarssyni); Kaupmannahöfn 1832."

Schevings 36 ára hjónaband var eitt hið farsælasta. Hans góðfræga Ekkjufrú harmar nú lát hans með enn lifandi 6 börnum, hvörjum hann var hinn ástúðlegasti faðir. Synir þeirra eru Davíð, fæddur 1802, Stúdent, búandi að Raudsdal í Barðastrandarsýslu; Benedict; fæddur 1807, Sóknarprestur til Romeyar í Danmörk, og Ólafur, fæddur 1816, Urtakramarasveinn, nú í Kaupmannahöfn. Af dætrunum er Þóra fædd 1810, Hildur 1818 og Herdís 1820.

Sálugi Agent Schevíg hafði lengstann hluta æfi sinuar góða heilsu, er sambauð styrkleik hans, meðalmanus yaxtarlagi og lengi únglega útliti. Um sumarið 1837 hlaut hann samt nokkuð undarlega vanheilsu, höfuðverk og önnur þarméð fylgjandi þýngsli, er einnig sýndust veikja hans sinniskrafta. Aungva að síður sigldi hann, um haustið, til Kaupmannahafnar (hvar hann í höndlunar-útréttugum hafði dvalið hinn þá síðast liðna vetur). Á ferðinni og optir að hann hær var í land kominn, þýngdi honum smámsaman meir og meir af því sóttarferli, hvörs sanna eðli þó fyrst varð opinbert fyrst í Októbermánuði, þegar hann var

að ljúka við bréfaskriftir heim til Íslands með Póstskipinu, þá hann varð yfirfallinn af einuskonar hálfvisunnaar-slagi. Að sönnu frelsaðist líf hins sjúka um sínu, við bráða tilkomu Lækuirsins, Candidati chirurgiæ Jóns Hjaltalíns, sem tók honum blóð. Daginn eptir klæddist hann og virðist vera mjög í apturbata, sem samt var mjög skamvinnur, því tveimur dögum síðar varð hann að flytjast á Fredriks Hospítal. Sonur hans Ólafur vitjaði hans daglega, enn bróðir þessa presturinn, tókst strax er hann frétti þetta örðuga ferð á hendur frá heimili sínu, syðst og vestast á Jótlandi, til að minnast við föður sínu og vera honum til aðstodar í því sem skè mátti. Þegar presturinn kom hínagð gat Agentinn sálugi vart heyrt nè talað; samt gladdist hann þekkjanlega af sjón hans og atlotum og annars líka, lengst af, af heimsókn annara vina sinna er þar vitjuðu hans. Sjúkdóminum þýngði samt meir og meir, svo rænaun loks sýndist horfinn, áður enn líf hans, þann 26ta Nóvember, sloknaði eins og ljós, í einu því blífasta andláti er nokkur gætur smindað eður óskað sér. Jarðarför hans var heiðarlega gjörð þar frá Hospítalinu til Kaupmannahafnar svokallaða Assistenz-kirkjugarðs, þann 2 Decembar, og var ræða haldinn yfir moldum hans af Hospítalsprestinum Herra Büschmann.

Þannig endaði Agent Guðmundur Bjarnason Scheving sitt iðjusama líf, er víst má segja að verið hafi Íslandi og mörgum þess innbyggjurum nyttsamlegt. Þar munu enn lengi merkinn sýna verkinu; þar munu og margir sakna hans, enu einum hans (að líkindum) eptirlífandi ekkjufnú og þeirra börn, sem ennþá máskè ekki hafa fengið lát hans að vita;

Guð huggi þá sem hrygginn slær,  
hvíöt þeir eru fjær eður nær!



